

Til hluthafa í Högum hf.

Stjórn Haga hf. hefur í ljósi breytinga á hlutafélagalögum og reynslu af skráningu félagsins látið endurskoða samþykktir félagsins og uppfæra. Engar efnislegar breytingar eru gerðar frá því sem er í núverandi samþykktum en við þær aukið. Þótti því rétt til einföldunar að leggja fram til afgreiðslu á aðalfundi félagsins drög að nýjum samþykktum þess.

Meðfylgjandi er tillaga stjórnar Haga hf. að nýjum samþykktum fyrir félagið ásamt greinargerð þar sem í athugasemdum (skáletur) eru skýrðar breytingar við einstaka greinar:

Samþykktir fyrir hlutafélagið

HAGAR HF.

1. gr. Heiti félagsins, heimili og tilgangur.

- 1.1 Heiti félagsins er Hagar hf.
- 1.2 Félagið er hlutafélag.
- 1.3 Heimili félagsins er að Hagasmára 1, Kópavogi.
- 1.4 Tilgangur félagsins er verslunarrekstur, eignaumsýsla, rekstur fasteigna, fjárfestingar í félögum með skylda starfsemi, lánastarfssemi, kaup og sala eigna og annar skyldur rekstur.

Athugasemdir við 1. gr.:

Engar breytingar eru gerðar á 1. gr. en 1. mgr. er skipt í tvær málsgreinar.

2. gr. Hlutfé félagsins.

Hlutfé - hlutir

- 2.1 Hlutfé félagsins er kr. 1.217.585.840. – einn milljarður tvö hundruð og sautján milljónir fimm hundruð áttatíu og fimm þúsund átta hundruð og fjörutíu krónur - að nafnverði og skiptist í jafn marga hluti að nafnverði 1 króna hver.

Aukning hlutafjár - forgangsréttur

- 2.2 Hluthafafundur einn getur samþykkt hækkun hlutafjár í félaginu, hvort heldur með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Með sama hætti getur hluthafafundur ákveðið lækkun hlutafjár.
- 2.3 Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Heimilt er að víkja frá ákvæði þessu, sbr. 3. mgr. 34. gr. hlutafélagalaga.
- 2.4 Nú óskar einhver hluthafa ekki eftir að nýta forgangsrétt og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem þeir geta ekki framselt öðrum.

Athugasemdir við 1.-4 mgr. 2. gr.:

Ákvæði 2.1 – 2.4 eru í 1. mgr. 2. gr. núverandi samþykktu. Engar breytingar eru gerðar á hlutafé félagsins sbr. 1. mgr. Ákvæði 2. mgr. um hækkun og lækkun hlutafjár er óbreytt. Í 3. mgr. er kveðið á um forgangsrétt hluthafa og er ákvæðið óbreytt frá núverandi samþykktum að öðru leyti en því að bætt er við tilvísun í 3. mgr. 34. gr. hfl. Ákvæði 4. mgr. er nýmæli en leiðir af niðurlagsákvæði 1. mgr. 34. gr. hfl. þ.e.a.s. ef hluthafi nýtir eða framselur ekki áskriftarrétt sinn þá eiga eldri hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem þeir geta ekki framselt öðrum.

Hlutabréf - hlutaskrá

- 2.5 Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa.
- 2.6 Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá í samræmi við lög.
- 2.7 Hlutaskráin skal vera geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.
- 2.8 Hlutaskráin, samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa, skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.

Sala hluta og eigendaskipti

- 2.9 Engar hömlur eru lagðar á sölu eða framsal hlutabréfa í félaginu. Um eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

Athugasemdir við 5. – 9. mgr. 2. gr.:

Ákvæði 2.5 – 2.9 eru efnislega óbreytt frá ákvæðum 2.2 – 2.4 í núverandi samþykktum en uppröðun er breytt og við 8. mgr. bætt við ákvæði um meðferð arðs og tilkynninga.

Bann við lánveitingu

- 2.10 Félaginu er óheimilt að veita lán út á hlutabréf í félaginu. Félaginu er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða forstjóra félagsins lán, né setja tryggingu fyrir þá. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

Réttindi og skyldur hluthafa

- 2.11 Hluthafar verða ekki, hvorki með félagssamþykktum né breytingum á þeim, skyldaðir til að auka hlutafjäreign sína í félaginu og eigi heldur sæta innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggerningi.
- 2.12 Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu.

Athugasemdir við 10. – 12. mgr. 2. gr.:

Ákvæði 2.10 er nýtt í samþykktum félagsins en byggir á ákvæðum 104. gr. hfl. Í 11. mgr. er fyrri málslíður nýmæli að hluta er sækir stoð í 94. gr. hfl. en síðari málslíðurinn er óbreyttur frá núverandi samþykktum. Sama gildir um 12. mgr.

Samskipti við hluthafa

- 2.13 Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að send skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum á pappír. Sé heimildin nýtt skal félagsstjórn setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfum aðgengilegur. Þeir hluthafar sem hyggjast nýta rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta það í samræmi við þær reglur sem félagsstjórn setur.

Athugasemdir við 13. mgr. 2. gr.:

Ákvæði 13. mgr. 2. gr. er nýmæli er byggir á ákvæðum 80. gr. b í hfl. og heimilar stjórn að ákveða notkun rafrænna skjalasamskipta enda setji hún reglur þar að lútandi. Vakin er athygli á því að samkvæmt 93. gr. hfl. er það skilyrði fyrir samþykkt tillögu um nýja grein 2.13 að hluthafar sem ráða yfir 1/4 hlutafjárins greiði ekki atkvæði gegn ákvörðuninni.

3. gr. Hluthafafundir.

- 3.1 Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem samþykktir þess og lög setja, er í höndum lögættra hluthafafunda.

Athugasemdir við 1. mgr. 3. gr.:

Engar breytingar eru gerðar efnislega á 1. mgr. 3. gr. frá núverandi samþykktum.

Réttur til þátttöku

- 3.2 Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar, umboðsmenn hluthafa, endurskoðendur félagsins og forstjóri, þótt ekki sé hluthafi. Hluthöfum er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt en hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra og aðstoðar.

Athugasemdir við 2. mgr. 3. gr.:

Hér er um nýmæli að ræða sem rétt þykir að hafa í samþykktum og þá með hliðsjón af 81. gr. hfl.

Rafræn þátttaka og rafrænir hluthafafundir

- 3.3 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að gefa hluthöfum kost á að taka þátt í fundarstörfum með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði. Hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræna þátttöku skulu tilkynna skrifstofu félagsins þar um með fimm daga fyrirvara og leggja þar fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum.
- 3.4 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt.
- 3.5 Telji stjórn gerlegt að halda fundinn að hluta eða að öllu leyti rafrænt með viðeigandi búnaði og gefa hluthöfum þannig kost á þátttöku í fundarstörfum og atkvæðagreiðslu skal í fundarboði koma fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína og hvar þeir nálgist leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgangsorð til þátttöku í fundinum og aðrar upplýsingar. Jafngildir innslegið aðgangsorð í tölvuforrit undirskrift viðkomandi hluthafa og telst viðurkenning á þátttöku hans í hluthafafundinum.

Athugasemdir við 3. – 5. mgr. 3. gr.:

Ákvæði 3. – 5. mgr. 3. gr. eru nýmæli sem byggja á ákvæðum 80. gr. a í hfl. og heimila stjórn að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti eða jafnvel að hluthafafundur verði aðeins haldinn rafrænt að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Vakin er athygli á því að samkvæmt 93. gr. hfl. er það skilyrði fyrir samþykkt tillögu um nýjar greinar 3.3 – 3.5 að hluthafar sem ráða yfir ¼ hlutafjárins greiði ekki atkvæði gegn ákvörðuninni.

Atkvæðagreiðsla utan fundar

- 3.6 Ef stjórn telur ekki framkvæmanlegt að gefa hluthöfum kost á þátttöku í hluthafafundi rafrænt skal hluthöfum gefinn kostur á að greiða atkvæði um tillögur eða taka þátt í kosningum bréfluga eða rafrænt. Setur stjórn reglur um framkvæmd slíkrar kosningar og skal geta í fundarboði hvernig slík atkvæðagreiðsla verði framkvæmd með skýrum og nákvæmum hætti.

Athugasemdir við 6. mgr. 3. gr.:

Ákvæði 6. mgr. 3. gr. er nýmæli sem byggir á ákvæðum 1. mgr. 80. gr. a í hfl. og fjallar um skyldu félagsins til að gefa hluthöfum kost á því að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréfluga eða rafrænt.

Umboð

- 3.7 Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett.
- 3.8 Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla.

Athugasemdir við 7. – 8. mgr. 3. gr.:

Í grein 3.4 í samþykktum félagsins er fjallað um umboðsmenn en rétt þótti að fjalla sérstaklega og ítarlegar um stöðu umboðsmanna, sbr. og 81. gr. hfl.

Lögmæti hluthafafundar

- 3.9 Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Athugasemdir við 9. mgr. 3. gr.:

Í grein 3.3 í samþykktum félagsins er ákvæði þess efnis að hluthafafundur sé lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar sem ráða yfir að minnsta kosti helmingi hlutafjár í félaginu. Í ljósi skráningar félagsins og fjölda hluthafa er lagt til að skilyrði um fjölda þeirra hluta sem mætt er fyrir verði fellt úr samþykktum. Þannig ráði lögmæt boðun því hvort hluthafafundur sé ályktunarhæfur.

Staðsetning hluthafafundar

3.10 Heimilt er að halda hluthafafund annars staðar en á heimili félagsins.

Athugasemdir við 10. mgr. 3. gr.:

Um er að ræða nýmæli í samþykktum en nauðsynlegt er vegna fjölda hluthafa að í samþykktum félagsins sé gert ráð fyrir að unnt sé halda hluthafafundi utan heimilis félagsins, sbr. og heimild í 83. gr. hfl.

Boðun hluthafafunda

3.11 Hluthafafundi skal boða með þriggja vikna fyrirvara hið minnsta en lengst fjögurra vikna fyrirvara.

3.12 Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, svo og samkvæmt fundarályktun. Einnig skal félagsstjórn annast boðun hluthafafundar innan 14 daga frá því að krafa um það berst með sannanlegum hætti, ef kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins, krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

3.13 Í fundarboði skal a.m.k. greina:

1. Fundarstað, fundartíma og drög að dagskrá (fundarefni).
2. Skýrar og nákvæmar reglur um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi.
3. Hvar og hvernig nálgast megi:
 - a. Óstytt skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund.
 - b. Óstytta ályktunartillögur eða eftir atvikum athugasemdir frá þar til bærri stofnun í félaginu að lögum varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar.
 - c. Óstytta ályktunartillögur hluthafa sem félagið hefur móttakið.
4. Veffang þar sem finna má upplýsingar sem hluthafar skulu hafa aðgang að í tengslum við hluthafafund samkvæmt lögum.

3.14 Ef taka á til meðferðar á hluthafafundi tillögu til breytinga á samþykktum félags skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

- 3.15 Til hluthafafundar skal boða með rafrænum hætti þannig að tryggður sé skjótur aðgangur að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli. Notaðir skulu traustir miðlar sem tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagssvæðinu. Jafnframt skal boðað til hluthafafunda með auglýsingu í innlendum fjölmiðlum.

Athugasemdir við 11. – 15. mgr. 3. gr.:

Í ljósi breytinga á hlutafélagalögum er nauðsynlegt að breyta nokkuð ákvæðum í greinum 3.2 – 3.4 í samþykktum félagsins er varða boðun hluthafafunda og gera þau útarlegri. Þannig er í 11. mgr. 3. gr. gert ráð fyrir lengri boðunarfresti hluthafafunda og aðalfundar, sbr. 1. mgr. 88. gr. a hfl.

Ákvæði 12. mgr. er sambærilegt síðara efnisákvæði greinar 3.2 og byggir á 85. og 1. mgr. 87. gr. hfl.

Ákvæði 13. mgr. er nýmæli sem byggir á 88. gr. c hfl. um þau atriði sem skráð félag skal a.m.k. greina í fundarboði. Jafnframt er í niðurlagi ákvæðisins að finna þá reglu að um leið og boðað er til fundar sé hluthöfum veittar upplýsingar um fundinn og fundargögn í 21 dag fyrir fundinn eða þrjár vikur, sbr. ákvæði 88. gr. d hfl.

Ákvæði 14. mgr. er í samþykktum félagsins og því óbreytt.

Ákvæði 15. mgr. er nýmæli sem byggir á 88. gr. b. hfl.

Aðalfundur

- 3.16 Aðalfund skal halda eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en innan 4 mánaða frá lokum hvers reikningsárs.
- 3.17 Aðalfund skal boða með sama hætti og aðra hluthafafundi.

Athugasemdir við 16. – 17. mgr. 3. gr.:

Í grein 3.2 í samþykktum félagsins er kveðið á um að aðalfund skuli halda fyrir lok októbermánaðar en hér er gerð tillaga um að hann verði haldinn innan 4 mánaða frá lokum hvers reikningsárs og að hann verði boðaður með sama hætti og aðrir hluthafafundir, sjá nánar athugasemdir við 11. mgr. 3. gr.

Dagskrá aðalfundar

3.18 Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun skal tekin um hvernig fara skuli með tap eða hagnað félagsins á reikningsárinu.
4. Breytingar á samþykktum.
5. Ákvörðun skal tekin um þóknun til stjórnarmanna.
6. Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
7. Stjórn félagsins skal kjörin, sem og endurskoðandi.
8. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá.
9. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

3.19 Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi skal fresta ákvörðunum um málefni þau, sem greinir í lið 2 og 3 til framhaldsaðalfundar sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

Athugasemdir við 18. – 19. mgr. 3. gr.:

Ákvæði 18. mgr. 3. gr. er að mestu leyti óbreytt frá grein 3.5 í samþykktum félagsins en uppröðun dagskrárliða hefur verið breytt lítilllega auk þess sem 8. tölulið er bætt inn. Þá er lagt til að úr samþykktum falli ákvæði þess efnis að aðalfundur taki ákvörðun um greiðslur til skoðunarmanna enda eru störf endurskoðunarfélags greidd samkvæmt reikningi.

Ákvæði 19. mgr. 3. gr. er nýmæli sem byggir á ákvæði 3. mgr. 84. gr. hfl.

Tillögur frá hluthöfum

3.20 Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Ef um aðalfund er að ræða skal kröfu fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar eigi síðar en viku fyrir boðun aðalfundar. Kröfuna má gera síðar en þó í síðasta lagi tíu dögum fyrir aðalfundinn. Stjórnin skal a.m.k. þremur dögum fyrir aðalfundinn upplýsa hlutahafa með öruggum hætti um kröfuna og eftir atvikum tillöguna, svo og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá aðalfundarins, t.d. á vef félagsins.

Athugasemdir við 20. mgr. 3. gr.:

Í 20. mgr. 3. greinar er lagt til að tekið verði upp í samþykktir félagsins ákvæði um tillögur frá hluthöfum, sbr. 1. og 2. mgr. 86. gr. hfl., sbr. og lög nr. 51/2013. Vakin er athygli á því að mismunandi frestir gilda um aðalfund og aðra hluthafafundi, sjá nánar athugasemdir við 21. mgr. 3. gr.

Dagskrá

- 3.21 Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta (tveimur vikum fyrir aðalfund) skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur, í móðurfélagi einnig samstæðureikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda eða skoðunarmanna auk tillagna félagsstjórnar um starfskjarastefnu, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags auk vefsíðu og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar.

Athugasemdir við 21. mgr. 3. gr.:

Í 21. mgr. 3. greinar er lagt til að tekið verði upp í samþykktir félagsins efnisákvæði 4. mgr. 88. gr. hfl. Vakin er athygli á því að dagskrá aðalfundar gæti tekið breytingum allt að þremur dögum fyrir fundinn komi fram tillaga frá hluthafa um fundarefni í síðasta lagi 10 dögum fyrir aðalfund.

Breytingartillögur

- 3.22 Löglega frambornar breytingartillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið frammi hluthöfum til sýnis.

Athugasemdir við 22. mgr. 3. gr.:

Rétt þykir að taka upp í samþykktir ákvæði um lögmætar breytingartillögur við þær tillögur sem liggja fyrir hluthafafundi, sem byggja á almennum fundarsköpum. Þannig myndi breytingartillaga, sem fæli í sér viðamikla breytingu á þeim tillögum sem fram eru bornar, ekki teljast lögmæt þar sem hún hefði ekki hlotið nægilega kynningu.

Mál sem ekki eru á dagskrá

- 3.23 Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Boða má til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka þar til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

Athugasemdir við 23. mgr. 3. gr.:

Í grein 3.4 í samþykktum félagsins er fjallað um mál sem ekki eru tilgreind í dagskrá fundar, sbr. og 89. gr. hfl. Er ákvæði þetta þar að finna en hér er lagt til að það verði ítarlegra.

Fundarstjóri

- 3.24 Hluthafafundi stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs, og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

Fundargerðabók

- 3.25 Fundarritari skal halda fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri getur einnig óskað eftir heimild hluthafafundar til fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.
- 3.26 Hluthafar skulu eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerða á vefsíðu félagsins eða skrifstofu þess innan fjórtán daga eftir hluthafafund. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

Atkvæðavægi

- 3.27 Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu.
- 3.28 Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum eða samþykktum þessum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu og ræður þá hlutkesti úrslitum.

Athugasemdir við 24. – 28. mgr. 3. gr.:

Ákvæði 24. og 25. mgr. er efnislega í grein 3.3 í samþykktum félagsins og sækja stoð í 90. gr. hfl. en lagt er til að ákvæðin verði gerð ítarlegri.

Ákvæði 26. mgr. er nýmæli en sækir einnig stoð í 90. gr. hfl.

Ákvæði 27. mgr. er óbreytt, sbr. grein 3.4 í samþykktum félagsins.

Ákvæði 28. mgr. um afl atkvæða er einnig óbreytt frá núverandi samþykktum en lagt er til að ákvæðið verði gert ítarlegra, sbr. og 92. gr. hfl.

4. gr. Stjórn félagsins.

- 4.1 Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Um hæfi þeirra fer að lögum.

- 4.2 Við stjórnarkjör skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Náist ekki viðunandi lögbundin kynjahlutföll í stjórnarkjöri skal sá einstaklingur eða þeir einstaklingar sem eru af því kyni sem hærra hlutfall er af í stjórnarkjörinu víkja fyrir þeim einstaklingi eða einstaklingum sem eru af því kyni sem lægra hlutfall er af í stjórnarkjörinu. Skal við ákvörðun um hvaða einstaklingur eða einstaklingar taki sæti í stjórn í stað þeirra, sem víkja þurfa vegna kynferðis, taka mið af atkvæðamagni í stjórnarkjörinu. Hafi ekki nægilega margir af því kyni boðið sig fram til stjórnar skal starfandi stjórn félagsins boða til nýs hluthafafundar þar sem fullnægjandi framboð beggja kynja skal tryggt.

Framboð

- 4.3 Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir á aðalfundi sem þannig hafa gefið kost á sér.
- 4.4 Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.
- 4.5 Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi, með sannanlegum hætti, kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni innan hins tiltekna frests, úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.
- 4.6 Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Athugasemdir við 1.-6. mgr. 4. gr.:

Í grein 4.1 í samþykktum félagsins er fjallað um skipan stjórnar og framboð til setu í stjórn félagsins. Efnislega er um sömu ákvæði að ræða en við þau hefur verið aukið, sbr. sérstaklega ákvæði 2. mgr. þar sem lagt er til að við stjórnarkjör skuli tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%, sbr. og 1. mgr. 63. gr. hfl.

Stjórnarkjör

- 4.7 Stjórnarkjör fer fram sem meirihlதாகosning milli einstaklinga.
- 4.8 Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.
- 4.9 Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins, krefjast þess skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins með sannanlegum hætti minnst fimm dögum fyrir hluthafafund.

- 4.10 Nú koma fram kröfur frá fleiri en einum hluthafahóp og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosningar og skal þá beita margfeldiskosningu.

Athugasemdir við 7.-10. mgr. 4. gr.:

Lagt er til að ákvæði um stjórnarkjör verði tekin upp í samþykktir en svo hefur ekki verið, sbr. og ákvæði 63. gr. hfl.

Verkaskipting stjórnar

- 4.11 Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Boðun stjórnarfunda

- 4.12 Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Skal hann sjá til þess að allir stjórnarmenn séu boðaðir. Stjórnarfundur skal halda hvenær sem hann telur þess þörf eða einhver stjórnarmanna eða forstjóri krefst þess.

Lögmæti stjórnarfunda

- 4.13 Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur.

Atkvæðagreiðslur

- 4.14 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Verði atkvæði jöfn skal atkvæði formanns ráða.

Fundargerðabók

- 4.15 Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fund sitja. Stjórnarmaður eða forstjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

Markmið og skyldur

- 4.16 Stjórnin fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Hún skal annast um og hafa eftirlit með að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.

- 4.17 Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

- 4.18 Stjórnin ræður forstjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið.

- 4.19 Undirskriftir meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.

- 4.20 Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveða á um framkvæmd starfa hennar.

Athugasemdir við 11.-20. mgr. 4. gr.:

Í grein 4.2 í samþykktum félagsins er fjallað um störf og starfshætti stjórnar félagsins. Efnislega er um sömu ákvæði að ræða en ákvæði um ráðningu forstjóra og prókúruumboð, sbr. 18. mgr., er í grein 4.3 í núverandi samþykktum félagsins.

5. gr. Forstjóri.

- 5.1 Forstjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér m.a. um að reikningsskil félagsins séu færð í samræmi við lög, ráðningu starfsfólks og eftirlit með eigum félagsins. Stjórn félagsins getur sett forstjóra nánari starfsreglur.
- 5.2 Forstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Athugasemdir við 5. gr.:

Efnislega er um sömu ákvæði að ræða og fram koma í síðara efnisákvæði greinar 4.3 í samþykktum félagsins að því viðbættu að gerð er tillaga um heimild stjórnar félagsins til að setja forstjóra nánari starfsreglur.

6. gr. Reikningshald og endurskoðun

- 6.1 Á aðalfundi félagsins skal kjósa endurskoðanda, sem skal vera endurskoðunarfélag, til eins árs í senn.
- 6.2 Reikningsár félagsins er frá 1. mars til síðasta dags febrúar ár hvert. Skal gerð ársreikninga lokið eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund ár hvert og hann þá lagður fyrir endurskoðanda.

Athugasemdir við 6. gr.:

Efnislega er ekki um að ræða breytingar á núverandi ákvæðum 5. gr. samþykpta félagsins en félaginu ber að kjósa sér endurskoðanda í samræmi við 1. – 3. mgr. 98. gr. laga um ársreikninga, sbr. 3/2006.

7. gr. Eigin hlutir

Félaginu er heimilt að eiga eigið hlutfé allt að 10%. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutum sem félagið á sjálft. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Heimild til handa félagsstjórn til kaupa á eigin hlutfé má ekki vera til lengri tíma en fimm ára hverju sinni.

Athugasemdir við 7. gr.:

Lagt er til að ákvæði um eigin hluti verði tekið upp í samþykktir félagsins en svo hefur ekki verið, sbr. og ákvæði 55. gr. hfl.

8. gr. Breytingar á samþykktum félagsins.

- 8.1 Samþykktum félagsins, umfram það sem hlutfélagalög leyfa, verður einungis breytt á lögmætum hluthafafundi. Ákvörðun um breytingar á samþykktum verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.
- 8.2 Við ákvörðun hluthafafundar um að hluthafafundur verði einungis haldinn rafrænt (sbr. 2. mgr. 80. gr. a hlutfélagalaga) og ákvörðun hluthafafundar um notkun rafrænna samskipta milli félagsins og hluthafa þess í stað þess að senda og leggja fram skjöl rituð á pappír (sbr. 3. mgr. 80. gr. b hlutfélagalaga) er það einnig skilyrði fyrir breytingum félagssamþykktum að hluthafar, sem ráða yfir ¼ hlutfjárins, greiði ekki atkvæði gegn tillögunni.
- 8.3 Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ákvarðanir um þær breytingar á samþykktum félagsins sem fjallað er um í 1. mgr. 94. gr. hlutfélagalaga verði gildar.
- 8.4 Ákvörðun um breytingu á samþykktum félagsins, sem skerðir rétt hluthafa til arðs eða annarrar greiðslu af eignum félagsins án þess þó að 1. tölul. 1. mgr. 94. gr. hlutfélagalaga eigi við, er því aðeins gild að hluthafar, sem ráða yfir meiru en 9/10 hlutum þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi, gjaldi henni jákvæði.

Athugasemdir við 8. gr.:

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða grein 6.1 í samþykktum félagsins. Ákvæði 2. mgr. er nýmæli og leiðir af 93. gr. hfl., sbr. og skýringar hér að framan við ákvæði 2.13 og 3.3 – 3.5. Ákvæði 3. og 4. mgr. er einnig nýmæli í samþykktum félagsins en byggja á ákvæðum 94. gr. hfl.

9. gr. Slit á félaginu.

Um slit á félaginu gilda ákvæði XIII. kafla hlutafélagalaga.

10. gr. Samruni og skipting.

Um samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög eða skiptingu þess í fleiri félög fer eftir ákvæðum XIV. kafla hlutafélagalaga.

11. gr. Önnur ákvæði.

Þar sem ákvæði samþykkt þessa segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og öðrum lagaákvæðum sem við geta átt, sbr. sérstaklega VII. og VIII. kafla laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, og lög um ársreikninga, nr. 3/2006.

Athugasemdir við 9.-11. gr.:

Lagt er til í 9. og 10. gr. að um slit á félaginu, samruna þess við annað félag eða skiptingu verði vísað í ítarleg ákvæði 13. og 14. kafla hlutafélagalaga, í stað þess að fjallað sé stuttlega um efnið í samþykktum, sbr. ákvæði 6.2 í núverandi samþykktum. Efnisákvæði 11. gr. samsvarar 7. gr. núverandi samþykkt félagsins.

Þannig samþykkt á aðalfundi Haga hf. hinn 7. júní 2013 og koma samþykktir þessar í stað eldri samþykkt félagsins.

Kópavogi, 7. júní 2013

Fyrir hönd Haga hf.